Skólaráð Smáraskóla

Fundur skólaráðs haldinn í skólanum þriðjudaginn 5.desember 2019 kl. 08:10-09:10.

Mætt: Börkur Vígþórsson skólastjóri stýrði fundi, Kristín Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Valtýr Bergmann fulltrúi foreldra, Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúi kennara, Eysteinn Pétur Lárusson fulltrúi grenndarsamfélags, Matthías Andri Hrafnkelsson fulltrúi nemenda 9.b og Katla Kristinsdóttir fulltrúi nemenda (10.b). Auk framangreindra eru aðrir fulltrúar nemendaráðs mættir á fundinn; Elísabet Inga Helgadóttir 8.b, Anna Margrét Hákonardóttir 8.b, Tra Sandra Huong Le 9.b, Benedikt Kári Brynjarsson 9.b, Einar Haran Árnason , Bjarki Freyr Guðmundsson 8.b, Alexandra Ásta Brynhildardóttir Brown 6.b, Andri Jón Ólafsson 6.b, Ellý Rut Nökkvadóttir 10.b.

Efni fundar:Fundurinn er sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs, samkvæmt starfsáætlun. Bæði ráðin eru mikilvægur hluti af faglegu og góðu skólastarfi og gott að koma saman til samtals og samráðs.

Börkur var með stuttan inngang að fundinum með upplýsingum um hlutverk ráðanna og mikilvægi góðs samtals og samstarfs um málefni skólans. Katla og Matthías sögðu frá starfi nemendaráðs og helstu áherslum í haust, m.a. tengt frímínútum. Nemendaráð og Þeburáð eru sameiginleg í ár og hittast vikulega, þ.e. fulltrúar úr 8.-10.bekk. Fulltrúar úr 6.-7.bekk koma inn um það bil einu sinni í mánuði.

Umræða var um að símalausar frímínútur hefðu skilað því að símnotkun í kennslustundum er svo til engin. Einnig að nemendur væru miklu líklegri til að tala saman og stunda aðra afþreyingu en að nota símana. Foreldrafélagið býðst til að gefa nemendum spil til afþreyinga. Hugmynd frá nemendum að útbúa notalegt spilaherbergi í rýminu inn af sviðinu.

Fulltrúar foreldra hvetja nemendur til að ýta við bekkjarfulltrúum og hvetja til samveru. Einnig að halda plani með hóla- og fjallaferðirnar.

Stutt umræða um niðurstöður PISA og umræður í fjölmiðlum sl daga.

Ákveðið að opinn fundur skólaráðs verði í febrúar í stað mars (eins og starfsáætlun gerir ráð fyrir) og verði tileinkaður vinnu vegna úrbótaáætlunar í kjölfar ytra mats sem var í október. Niðurstöður ytra mats liggja fyrir, hafa verið kynntar starfsmönnum og kynningarbréf sent foreldrum.

Í næstu viku verður farið í kirkjuferð og friðar- og ljósagöngu. Foreldrar völdu hvorn viðburðinn börn þeirra sækja, niðurstaða þess er að um 25% nemenda fara í friðargöngu og 75% nemenda fara í kirkjuferð. Vinabekkjasamkomur verða á sal í sömu viku. Foreldrar telja að kirkjuferðin í ár verði ekki eins upplifun og hefur verið samkvæmt hefð þar sem fleiri fara saman í sömu ferðina, í stað vinabekkja saman eins og áður var. Rætt um að kanna fljótlega eftir næstu viku álit aðila skólasamfélagsins á hvernig þetta fyrirkomulag gekk og skipuleggja tímanlega hvernig framhaldið verður fyrir næsta skólaár.

Eysteinn ítrekar gott samstarf á milli skóla og nærsamfélagsins. Skólinn hefur nú þegar nýtt fundaraðstöðu sem Eysteinn bauð til láns á síðasta fundi.

Gangbrautarvörslu á morgnana hefur verið flýtt um fimm mínútur, hún hefst nú kl. 8:05 samkvæmt ábendingu frá foreldrum á síðasta fundi.